

WINNIPEG

Dr. B. M. Halldórsson fór til Grand Forks í morgun, til þess að setja læknafund í Norður-Dakota fylkinu.

Íslendingadagsfundur var haldinn í gærkvöldi í Good-Templarhúsinu. Samþykkt var einróma, að halda við deginum í Winnipeg, á sama tíma og áður. Tólf manna nefnd var kosin, sex til tveggja ára og sex til eins árs. Til tveggja ára voru kosnir Þórður Johnson, sem þakkað var með löfa taki er fráfarandi, forseti skýrði frá hinu mikla starfi hans í nefndinni undanfarið ár, Ásgeir Eggertsson, Dr. B. M. Halldórsson, Björn Pétursson, Ben. Ólafsson og Björgvin Stefánsson. Til eins árs, Garðar Gíslason, E. Isfeld, Hjalmar Gíslason, Sveinbjörn Gíslason, S. Halldór frá Höfnunum og Jón Ásgeirsson. Nefndin hittist á þriðjudagskvöldið kemur, kl. 8, á skrifstofu Heimskringlu.

Skemtisamkoma verður haldin í Sambandskirkjunni föstud. 14. þ.m., kl. 8.15. Kvenfélag Sambandsafnaðar stendur að samkomunni, en lærisevinnar Miss Jean Campbell's skemta með upplestri, framsögu og hljóðfærslu. Þar að auki verður leikinn smáleikur "Hlaupárið", einnig af lærisevinnu Miss Campbell's. Þetta verður ágæt skemmtun, og mönnum því óhætt að fjölmennu enda kostar aðgangur aðeins 25 cents. — "God save the King", verður spilað á eftir samkomunni.

SÖGUFELAGS BEKURNAR fyrir 1923, og eldri árgangar, eru nú loksins komnar í hendur undirritaðs, eftir nærri fimm mánaða hrakning hjá skipa og járnbrauta-félögum. Má saka þau félög eingöngu um dráttinn á komu bókkanna. Síðastl. árg. kostar \$2.30, og borgist fyrirfram.

Arnlfjótur Björnsson (Olson), 594 Alverstone str. Wpeg. Man.

Mr. Ólafur Pétursson fór í fyrri viku suður í Battle Creek að leita sér heilsubóta, og býst við að verða þar nokkrar vikur. Heimskringla óskar honum góðs bata og góðrar afturkomu, heilum á húfi.

Ungkvennafélagið "Aldan" heldur tömbu 2. apríl næstkomandi. Þar verður margt girnilegt á boðstólum og skyldu menn ekki sitja úr fari að öðlast eitthvað af þeim hlutum. Þar að auki mætti kannske geta þess í samband við þetta ungkvennafélag, að sagt er að hlaupár sé nú, sem stendur. Óskiljanlegt, að það geti dregið nokkuð verulega úr aðsókninni.

Vér höfum verið beðnir að geta þess, að Kvenfélag Sambandsafnaðar heldur árlega útsölu sína (vor-bazaar) fyrstu vikuna í maí. Þarf ekki að efast um, að margt verður þar lystilegt og nýtsamlegt á boðstólum, með þeim undirbúningi, sem félagið hefir.

Leikflokkur

Sambandsafnaðar

hefir ákveðið að leika enn eitt íslenskt leikrit á þessum vetri. Það er "Tengdamamma", eftir Kristínu Sigríðsdóttur. Leikrit þetta er algjör nýtt; var sýnt í Reykjavík í vetur og vakti almenna athygli og fékk mikil lof. Eftirgar eru þegar byrjaðar og verður leikið um miðjan næsta mánuð.

Í fundarsal íslensku lút. kirkjunnar á Victor stræti, laugardaginn 15. marz, kl. 8.15, heldur Stúdentafélagið síðasta fund starfsársins, undir umsjón gömlu stjórnarnefndarinnar.

WONDERLAND

Jackie Coogan, sem leikur í "Circusdays", er sýnt verður á Wonderlam, miðvikudag, er á við leikinn "Circusdays" myndin er vel dregin í Jackie altaf jafnmyndislegur. En viljið heldur sjá eitthvað áhrifamikil og og laugardag, að sjá "Red dularfult þá farðu á föstudag Lights" áhrifamesta leikrit, er sést hefir. Næsta mánudag og þriðjudag, leikur Anita Stewart í "The Love Piker". Seinna í vikunni ættirðu að sjá "Where The North begins", og því næst verða þessi leikrit sýnd: "Three Wise Fools", "Town Scandal" og "The Cannon Law", en þar leikur Corrinne Griffith.

Sveinbjörn Björnsson, skáld.

Hann á stjórnsáttel 9. sept. næstkomandi, og er í ráði, að þá komi út safn af fjöðmælum hans í heild. Eftir verður tengdasönnur hans, Haraldur Jónsson prentari. Mun verða safnað áskrifendum að fjöðmælum, og ætti það að ganga greiðlega, því Sveinbjörn hefir margt vel skrifað, svo sem kunnugt er.

Þetta blað hefir fengið nokkur ávæð eftir Sveinbjörn, sem ekki hafa áður verið prentuð, og brot af kvæðum og mun það hjálpa þau smátt og smátt. Getu þau þá mint menn á, að gerast áskrifendur að fjöðmælum. — (Morgunbl.)

FRÁ ÍSLANDI.

FRÁ AKUREYRI.

90 ára vafið frá Guðný Jónsdóttir, fjölsöfnir ekki Þriðjarnar heitins Steinssonar, á laugar daginn var. Sýndu bæjarbúar af mælsbarninu margskonar sömu í tilefni af deginum. Bæjarstjórnin sendi henni ávarp og 200 krónur í peningum með. Nokkrar konur lögðu saman og veittu afmælis gestunum — um 40 manns — myndarlega á heimili gömlu konunnar. Einnig bárust henni mörg heilla óska og þakkarskeyti, þar á meðal frá Goodtemplarstúknum hér á staðnum, í viðurkenningarskýni fyrir dæðrikt starf við hlíf manns hennar í þarfi bindindisnálsins. Þrátt fyrir hinn háa aldur, er frá Guðrún hress og hraust. Er frá vísu búin að missa sjón og heyrn, en mun, en er minning vel og eru í anda.

Pankabrot

gera grein fyrir, hvað mér sýnist að þurfa til styrktar í þessu efni, enda þó og hlíst við, að það samrýmist ekki venjulegum ritstjóra reglum. En þar sem nú svo stendur á, að Vestur-Íslenskir blaðamenn eru í einsonar útfakreppu, vegna þess, að flest það, sem á sér íslenskan upplunna, er hér á hverfandi hveli, mun elgi vanþórt á að heita nýjnu ráðum, til að stilla útrasina.

Víðvikandi útbreiðsla blaða nýttins ber þess að geta, að öðum þekkar því fólki er ekki les enskt ritmál, og fjólgar þeim, er það veitist hægri meðfram vegna fjölbreytni efnis. Þetta vinnur hvernig og meirihluta íslenska kynstofnins mög hröðum skrefum, þess vegna er lítillspurn íslenskra blaða, að vera fjölskrúðug og fundvís á fróðleik og fagraun bünung eins efnis. Virðist því mikilvægt skýrði þeim manni, er blaðstjórn hefir að atvinnu, sem ritstjóra, að hafa næga hæfileika til þess að leysa það starf svo af hendi, að blaði hans sé öruggur tilverurettur. Hann verður að leita við að vinna sér hylli fólksins; hann þarf að vera í bandalagi við skynsama og ríflera menn út um allar lendur íslendinga, er senda honum fréttapísta og ýmislegt fleira fyrir blaðið svo oft, sem eitthvað tilfellur. Fyrir það ber ritstjóra að borga sómasamleg ritlaun, — með því meina, eg þó ekki, að menn riti ekki án endurgjalds, — það ættu

sem flestir að gera, — ekki síður kvennþjóðin.

Ritstjórnin má helst ekki synja birtingu neinni grein, sem honum kann að berast, hvaða efnis sem hún er, án þess, að tilkynna hlutað eigenda með lokuðu bréfi ástæðuna. Hann verður sein sagt, að "skara eld að sinni koku" með því, að forðast sem heitann eld allar blekkingar; ekki láta sjálfsálit og sérþotta víkja kurteyshni úr henni, ar helga sæti; hann þarf að vera hreinlyndur og hlutdrægislaus. T. d. ef eg sendi honum ritmál, sem að efni miðar til þjóðshella, eitt hvert nýmell, sem ekki samrýmist hans skoðun, vegna vinfengis og af stöðu hans og annars — manna og máleina. Það væri þá alls ekki rétt af ritstjórnunum gagnvart mér og minni málefni, að stinga því undir stól, og drepa það þannig í fröðingunni, heldur ætti hann sem samur maður, að birta þá grein með athugasendum frá sjálfum sér, hvort svo það mál er látið falla niður eða ekki.

Þegar maður lítur til baka og gættir að uppruna vikublaðanna, þá kemst maður að þeirri hlúðstöðu, að þau eru til orðin fyrir félagslyndi og framtakssemi ritfiera manna, með því varð efni þeirra fjölbreyttilegt og hagseldarauki blaðanna vissari.

Þetta dylst varla neinum manni, eins og líka það, að þegar vikublaðin okkar eru til molder gengin, munu hlít annað ritmál ekki eiga sér langan aldur hér, eða hvernig mundi þá takast að halda tungumálinu lifandi?

Nú skreppur hugur minn heim til Íslands.

Þrátt fyrir vegalengdina sem er á milli fjöðmötanna íslensku, vil eg geta þess, að mig hefir grunað, síðan eg heimsótti Ísland, að fjöðmötarnir mundu eiga eftir að nálgast hver annan, að minsta kosti í andlegum skilningi, frekar en verið hefir. Mér finnst, að það þarpart hljóti að átta sig á því, að þeim beri að halda óendanlegu vinfengi, svo sem væru þeir ein fjöð, ef það kæmist inn í meðvitund fjöðans, að það vær spor í framfara áttina. Eftir það gæti ekki hafi nokkuð mikla fjöðingu fyrir hinn ísl. kynstofn, fullkomnara samband frá austri til vesturs og vestri til austurs í blaðahelminum.

Við vitum, að heima á Fróni hefir á s. l. 10-12 árum myndast félagskapur meðal ungmenna, bæði í bæjum og sveitum, er starfar með fjöri og áhuga. Sum fél halda þar út fjöðum eða timaritum, þó engin sé prentsmíðjan. Þar er á dagskrá í sveitunum ýmisleg efni, bæði gaml, an og alvara. Þessi félög hafa bóka söfn, allstór stumstaðar, eins og hér tilkast.

Eftir maður spyr, hvað getur þetta fólk gert, bæði fyrir sig og okkur í fjarlægðinni, því mætti svara á þessa leið.

Eftir ætlingar okkar og fornvinir, er auk afkomenda þeirra, gætu fundið hvöt hjá sér þess efnis, að styrkja hér viðhald íslenskrar tungu, sem mætti takast — með því að mynda eitt allsherjar fjöðmötunarsfélag af sameinuðum vilja, krafti bergja megin hafsins, er byggist að miklu leyti á yfirferð blaðanna. Þau gætu verið aðeins staður meðluna þess félags, þannig, að flytta fréttir og ýmsann fróðleik á báða bóga.

Eg er ekki í neinum vafa um, að það gæti verið fjöðmötunum byr undir báða vngl, ef þau hefðu að fara yn-segt frá Ungmennafélögum við, þar af Íslandi hingað vestur, og sömuleiðis hefðan austur, frá sem flestum stöðum íslendinga. Þetta skilt mér, að gæti myndast margþætt á íslenska bræðrabandinu án þess, að kosta peningalega sem miklu nemur. Má næstum segja, að það kosti aðeins vinaryl, og samúðar bluttekning, sem án efa mörgum væri hlúft að láta í fjöð, bara þegar byrjað væri á einhverju formi. Hér er sýnilega líkt ástætt, eins og hið fornkveðna orðtak segir: "Vík á milli vina og fjöður á milli frænda".

Eg vil einnig minnast þess í sambandi við þessa, áminnstu hugmynd, að það eru miklar líkur til,

WONDERLAND THEATRE

MIÐVIKUDAG OG FINTUDAG:

JACKIE COOGAN

in "CIRCUS DAYS"

FÖSTUDAG OG LAUGARDAG:

"Red Lights"

MÁNUDAG OG ÞRIÐJUDAG:

Anita Stewart

in "THE LOVE PIKER"

KENNARA VANTAR fyrir Norðurstjórn Skóla No. 1236 frá 17. marz til 16. júlí 1924. Tilboð, sem tilgreini mentastig, æfingu og kauphæð, sendist fyrir lok febrúar til —

A. MAGNUSSONAR

Sec. Treas.

P. O. Box 91

Lundar, Manitoba.

Tvöir kennarar óskast fyrir Big Island skóla, No. 589, frá 1. apríl til 30. júní. — Umsækjendur verða að hafa annars og þriðja flokks kennaraeyfi — Tiltakið kaup og æfingu.

A. Kelly, Sec'y-Treas.

Hecla P. O., Man.



FLEYGÐU EKKI BURTU HAFNU SEM KEMBIT AF PÉR. Sendu okkur það, og við skulum gera kembu úr því fyrir þig fyrir \$3.00. Við höfum allt sem meðþarf til þess að gera upp og prýða hár kvenna og karla. Skrifðu eftir verðlata. PARISIAN HAIRDRESSING & BEAUTY PARLORS 319 Garry St., Winnipeg, Man.

að hér vestra yrði þeim tekið opnum örmum. Vestur-Íslendingar hafa allmargir bóksatflega sýnt það í verki, að þeir geta verið í töluverðu sambandi við Austur-Ísl. fjösta dæmið er Elmskipafélagskapurinn, spítalasjóðurinn, minni ísvarðar og margt fleira, ávallt af kærleiksfríri og hjartanlegri hluttekningu úti látið. Með því hafa þeir lagt inn. Eg leyfi mér, að nefa það andlegann skert, sem Austur-Íslendingar eru menn til að meta — og sýna verðuga viðurkenningu með röksamlegri hluttekningu í fjöðmötunarsfélinum, Vestur-Ísl. til lífsauka í því efni.

Þetta, sem hér hefir verið minnst á, held eg að sé ókostbærust og heilsuamlegasta leiðin til viðhalds íslenskrar tungu, um leið og það tryggir sambandið.

Eg get ekki séð, hvað enskíslenskir stúdentar geta gert án þess, að byggja á skólinum hár; það þýðir ekki að byggja neinar spilaborgir í þessu efni.

Þá er að minnast á stúdentaskiptin, er samir halda að sé hið heppilegasta, að senda námsvefina hefðan á háskóla Íslands og þaðan á háskóla hér. Sú hugmynd gæfi ef til framkvæmda kæmi átt við sýni og dætur milljónumæringa, en nema því yrði komið í verk, að íslenskan yrði gerð skildunáms grein á skólinum hér; það þýðir ekki að byggja neinar spilaborgir í þessu efni.

Langi líti Ísland og Íslendingar, með tengitauk kærleikans frá austri til vesturs!

G. Jörundsson.

Gamanleikurinn

"HAPPID"

Eftir P. J. Árdal

verður endurtekinn í Good-Templarhúsinu

Mánud., 17. þ. m. kl. 8.30

Inngangseyrir 35c og 50c

DANS Á EFTIR

Skemtisamkoma

TIL ARÐS FYRIR JÖNS BJARNASONAR SKÓLA

I FYRSTU LÖT. KIRKJU.

Þriðjudaginn, 18. marz 1924

TIL SKEMTUNAR:

Fyrirlestur — Séra Rúnólfur Marteinsson
Söngur — Karlakór Björgvins Guðmundssonar
Piano Solo — Sous Bois Opus 6 — Victor Staub
Mrs. S. O. Thorláksson
Violin Duett — Mrs. Clark, Miss S. Halldórsson
Solo — Mr. Paul Bárdal
Piano Solo — Mr. Tryggvi Björnsson
Söngur — Stúlknakór Miss Halldórsson
Recitati — Liston Burns, MacIlhagga

Veitingar fríar í sunnudagsskólanum.

BYRJAR KL 8.

Borgið Heimskringlu.

RJÓMI

Heiðvart nafn er bezt ábyrgðin yðar fyrir heiðarlegum viðskiftum, — það er ástæðan til þess, að þér megið búast við öllum mögulegum ágóða af rjómasendingum yðar — og með óbríðelli stundvísu frá

CITY DAIRY, Ltd.

WINNIPEG.

James M. Carruthers

forseti og ráðsmaður.

James W. Hillhouse

fiármálaritari.

SPYRJID MANNINN SEM SENDIR OSS.

Yfir 600 íslenskir nemendur hafa gengið á Success verzlunarskólann síðan árið 1914.

Skrifstofuatvinnu er næg í Winnipeg, atvinnu- og iðnaðarmíðstöð Vesturlandsins. Það margfalt borgar sig að stunda námið í Winnipeg, þar sem tækifærin til þess að fá atvinnu eru flest, og þar sem þér getið gengið á Success verzlunarskólann, sem veitir yður hvern rétta undirbúning og nauðsynlegu atvinnu. Þú myndir atvinnu veitenda taka þá, sem útskrifast úr Success-skólanum, fram yfir aðra, og þér getið byrjað á góðri vinnu strax og þér hafið námið við þenna skóla.

SUCCESS BUSINESS COLLEGE er öflugur og áreiðanlegur skóli. — kostir hans og hið ómetanlega gagn, sem hann hefir unnið, hafa orðið til þess að hin árlega númerdata skólans er langt fram yfir öllu nemenda í öllum öðrum verzlunarskólum Manitoba samanlagðum.

SUCCESS er opin árið í kring.

Innritist á hvaða tíma sem er.

Skrifið eftir upplýsingum. Þær kosta ekkert.

The Success Business College, Ltd.

Horn Portage Ave. og Edmonton St.

WINNIPEG — MAN.

(Ekkert samband við aðra verzlunarskóla.)